



**Aukafundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 25. ágúst 2023 og hófst kl. 12:00. Fundurinn var haldinn á Teams.**

---

**Mættir stjórnarmenn:** Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

**Fjarverandi vegna félagatengsla:** Borghildur Sigurðardóttir og Orri V. Hlöðversson.

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

---

#### **Efni fundar:**

Breiðablik hefur skotið til stjórnar þeirri ákvörðun mótanefndar að hafna beiðni félagsins um breytingu á leik Víkings og Breiðabliks í Bestu deild karla sem settur er á sunnudaginn 27. ágúst á Víkingsvelli.

Vanda Sigurgeirsdóttir formaður reifaði fundarefni og greindi stjórn frá fundum sem hafa átt sér stað í morgun, fyrst með formanni og framkvæmdastjóra Breiðabliks og síðar með framkvæmdastjóra Víkings. Þá ræddi formaður KSÍ símlíðis við formann Víkings.

Helga Helgadóttir formaður mótanefndar vék af fundi og kom ekki að ákvörðun stjórnar.

Stjórn fór vandlega yfir þá kosti sem eru í stöðunni og forsögu málsins sem nær aftur til nóvember 2022.

#### **Ákvörðun stjórnar:**

*Stjórn KSÍ staðfesti ákvörðun mótanefndar að hafna beiðni Breiðabliks um að fresta leik Víkings og Breiðabliks í Bestu deild karla sem settur er á 27. ágúst 2023.*

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 12:50.

---

Laugardaginn 26. ágúst barst nýtt erindi frá Knattspyrnudeild Breiðabliks þar sem óskað var eftir því að stjórn endurskoðaði ákvörðun sína í ljósi fréttu um frestun deildarleiks mótherja Breiðabliks í Evrópukeppni.

Stjórn KSÍ var sent erindi Breiðabliks og málið reifað aftur með tölvupósti. Stjórn ræddi málið aftur og m.a. voru þeir möguleikar sem voru í stöðunni settir upp á myndrænan hátt. Vegna félagatengsla komu Borghildur Sigurðardóttir og Orri V. Hlöðversson ekki að afgreiðslu stjórnar.

#### **Ákvörðun stjórnar:**

*Stjórn KSÍ staðfesti fyrri ákvörðun sína um að synja erindi Breiðabliks um frestun leiksins. Formanni var falið að koma sjónarmiðum stjórnar á framfæri.*